

EFNISYFIRLIT

SKÝRSLA STJÓRNAR	3
UM ATHVARFIÐ	
• Sagan	5
• Skilgreining á heimilisofbeldi	5
• Hlutverk Samtaka um kvennaathvarf	5
• Þjónusta	6
• Lífið í athvarfinu	7
• Börn í athvarfinu	7
TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR	
• Komur í Kvennaathvarfið 2008-2016. Heildarfjöldi koma, fjöldi viðtala, fjöldi í dvöl-með eða án barna, fjöldi barna í dvöl.	9
• Komur í Kvennaathvarf 1983-2016. Komur í heild, komur í fyrsta skipti, áverkar, dvalardagar kvenna og barna, meðaldvöl kvenna og barna	10
• Dvalartími kvenna. Flokkað eftir fjölda daga. Samanburður síðustu þriggja ára.	12
• Dvalartími barna. Flokkað eftir fjölda daga. Samanburður síðustu þriggja ára.	12
• Ástæða komu. Andlegt ofbeldi, líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi, ofsóknir, morðhótun, ofbeldi gegn börnum, hrelliklám. Samanburður síðustu tveggja ára.	13
• Tengsl kvenna við ofbeldismenn. Eiginmaður, sambýlismaður, fyrverandi eiginmaður, fyrrverandi sambýlismaður, kærasti, fyrrverandi kærasti, faðir/stjúpi, ættingi/kunningi, annar. Samanburður síðustu tveggja ára	14
• Aldursdreifing kvenna í athvarfinu og aldersdreifing ofbeldismanna.	15
• Þjóðerni ofbeldismanna. Ísland, Evrópa, Afríka, Ameríka, Asía. Samanburður síðustu fjögurra ára.	15
• Þjóðerni kvenna. Ísland, Evrópa, Afríka, Ameríka, Asía. Samanburður síðustu sex ára	16
• Hlutfall erlendra kvenna í dvöl og viðtölum. Samanburður síðustu þriggja ára.	16
• Líðan kvenna við komu. Sjálfsvígshugsanir, vöðvabólgur, höfuðverkur, lystarleysi/ofát, þunglyndi, svefnleysi, ótti, þreyta, kvíði. Samanburður síðustu tveggja ára.	17
• Hlutfall kvenna með áverka við komu. Samanburður síðustu þriggja ára.	17
• Hlutfall kvenna sem kærðu. Samanburður síðustu þriggja ára	18
• Dreifing búsetu kvenna. Reykjavík, Höfuðborgarsvæðið, Suðurnes, Vesturland, Norðurland, Austurland, Suðurland, Útlönd, ekki vitað. Samanburður síðustu sjö ára.	19
• Hvert fara konur eftir dvöl í Kvennaathvafi. Heim til ofbeldismanns, heim-ofbeldismaður farinn, heim-ofbeldismaður bjó ekki þar, ættingjar/vinir, nýtt húsnæði, sjúkrastofnun, úr landi, annað, ekki vitað	20
ÚR BARÁTTUNNI.	21
LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI.	23



Frá afhendingu styrkja úr AlheimsAuði þar sem Kvennaathvarfið fékk milljón króna styrk til að undirbúa búsetuúrræði fyrir konur að lokinni dvöl í athvarfinu.



Ísól Björk Karlsdóttir, ráðgjafi í Kvennaathvarfinu kynnir teiknimyndina Tölum um ofbeldi á fundi Kvennaathvarfsins í október.

Aðalfundur Samtaka um kvennaathvarf og Sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins var haldinn á Hallveigarstöðum 16. apríl kl.17.

Þær Birna Þórarinsdóttir, Edda Ólafsdóttir og Elín Jónsdóttir gáfu allar kost á sér endurkjörs og lagði uppstillinganefnd til að þær sætu áfram, var það samþykkt með lófataki og sama átti við um varamennina Barböru Kristvínsson og Árna M Matthíasson. Þær Fríða Bragadóttir og Jóna Sólveig Elínardóttir áttu báðar eftir eitt ár af sínum kjörtímabilum. Í stjórn Sjálfseignarstofnunarinnar voru kjörnar Guðrún Hallgrímsdóttir og Þórlaug Jónsdóttir og til vara þær Þórdís Guðmundsdóttir og Sigríður Stefánsdóttir. Elín Sigurðardóttir og Guðrún Elín Jónsdóttir voru kjörnar skoðunarmenn reikninga. Hlutverk stjórnar Samtaka um kvennaathvarf er skv lögum félagsins að móta stefnu athvarfsins. Hún er framkvæmdastýru og öðrum starfskonum athvarfsins bakland, bæði varðandi dagleg verkefni í athvarfinu og þátttöku í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund. Fríða Bragadóttir var kjörin formaður stjórnar, Birna Þórarinsdóttir varaformaður, Edda Ólafsdóttir gjaldkeri og Jóna Sólveig Elínardóttir ritari. Stjórnin hittist að jafnaði mánaðarlega, þó falla fundir niður í júlí, desember og í aðalfundarmánuðinum apríl, stjórnarfundir voru því 9 milli aðalfunda auk tveggja vinnufunda með starfskonum, en slíkir fundir eru orðnir reglulegir viðburðir tvisvar á ári, og er það mikið fagnaðarefni og hefur aukið og dýpkað skilning beggja hópa á störfum hvers annars.

Sú breyting varð á stjórninni um mitt starfsár að ritari stjórnar, Jóna Sólveig Elínardóttir, varð varaformaður stjórnmalaflokks og alþingismaður. Hún ákvað í kjölfarið að ganga úr stjórninni og tók Árni Matthíasson varamaður hennar sæti í stjórninni. Þökkum við Jónu Sólveigu afar gott samstarf og gleðjumst yfir því að eiga nú góðan liðsmann á þinginu.

Á undanförunum árum hefur verið unnin mikil

vinna við að skýra verklag og ferla í innra starfi. Og nú síðastliðið ár hefur svo verið unnið að því, í góðu samstarfi milli stjórnar og starfskvenna, að búa til framtíðarstefnu fyrir starfið í athvarfinu. Þetta plagg á ekki að vera í ramma uppi á vegg, óumbreytanlegt, heldur er ætlunin að þetta verði lifandi plagg sem verði uppfært reglulega eftir þörfum og eftir því sem okkur miðar áfram í baráttunni. Eitt dæmi má nefna úr stefnunni, sem nú þegar er komið á góðan reksþöl, en það er efling þjónustunnar við börn, bæði þau sem dvelja í athvarfinu, en ekki síður börn úti í samfélaginu sem búa við ofbeldi á heimilum sínum. Stór þáttur í því er teiknimyndin góða sem við kynntum á síðasta aðalfundi, en starfskonur hafa undanfarið ár farið út um landið að kynna myndina og nú þegar er búið að sýna hana í mörgum grunnskólum og margir kennarar farnir að nota hana við kennslu. Annað dæmi er efling fræðslu og menntunar starfskvenna og hafa þær í því skyni farið nokkrar út um lönd á ráðstefnur og námskeið og telja sjálfar ótvírætt að það styrki þær í starfinu í athvarfinu. Enn eitt verkefnið bættist við þegar Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis, var opnuð nú í mars s.l. Starfskona úr kvennaathvarfinu verður þar með fasta viðveru einu sinni í viku og hefur sú starfsemi nú þegar sannað gildi sitt, því mikið hefur verið að gera allt frá fyrsta degi.

Rekstrarstýra athvarfsins lét af störfum á liðnum vetri og var ákveðið að ráða ekki strax aftur í starfið. Þórlaug okkar kom til bjargar og kunnum við henni bestu þakkir fyrir. Á síðasta aðalfundi sögðum við frá ráðningu Thelmu Bjarkar Guðmundsdóttur, félagsráðgjafa, í 20% stöðu. Nú er komin nokkur reynsla á það fyrirkomulag, og er óhætt að segja að reynslan hefur verið góð. Hún hefur m.a. farið með kynningar á starfsemi athvarfsins til starfsfólks þjónustumiðstöðva borgarinnar, veitt konunum okkar fræðslu og upplýsingar um félagsleg réttindi og hjálpað við umsóknir, hún fylgir einnig konum sem þess óska t.d. í viðtöl hjá sýslumanni og fleira. Hefur

hún reynst góð viðbót við starfskvannahópinn og starf hennar enn eitt skrefið í átt að því að veita konunum okkar eins góða þjónustu og stuðning og mögulegt er.

Stærsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir í augnablikinu eru húsnæðismálin. Húsið okkar hefur verið yfirfullt og hvert metið af öðru sett í fjölda dvalargesta. Margir muna gleðina þegar við fluttum í húsið okkar árið 2014 og töldum að nú hefðum við sko nóg pláss! En, reyndin hefur orðið sú að húsið er nær alltaf yfirfullt og nú er svo komið að framkvæmdir standa yfir í húsinu við að breyta ýmsum rýmum sem ætluð voru fyrir annað í svefnherbergi.

Ein veigamikil ástæða þessara þrengsla er hið erfiða ástand á húsnæðismarkaði. Konurnar okkar eiga enn erfiðara með en aðrir að fá leigt húsnæði, og eru erlendu konurnar þar í sérlega viðkvæmri stöðu. Stjórn og framkvæmdastýra vinna nú, í

samvinnu við yfirvöld og önnur félagasamtök, að undirbúningi ýmissa hugmynda til að takast á við þessa stöðu.

Það er því ljóst að verkefnið eru meira en næg og áskoranir fjölmargar. Sem betur fer búum við að afbragðs góðum hópi starfsfólks, stjórnarfólks og velunnara kvennaathvarfsins, en mannauður er auðvitað grunnforsenda þess að svona starf geti skilað árangri.

Allt frá upphafi starfsemi samtakanna hefur það verið markmiðið að starfsemin verði að lokum óþörf. Það er ljóst að það mun ekki gerast alveg á næstunni. Þangað til munum við halda ótrauð áfram og Samtök um kvennaathvarf munu hér eftir sem hingað til standa vörð um heill og hagsmuni þolenda ofbeldis í nánum samböndum.

f.h. stjórnar Samtaka um kvennaathvarf
Fríða Bragadóttir, formaður



Frá fundi starfskvenna Kvennaathvarfsins og baráttusystkina hjá Afliu á Akureyri.

Sagan

Stofnfundur Samtaka um kvennaathvarf var haldinn 2. júní 1982. Þar var ákveðið að opna athvarf fyrir konur sem ekki gætu búið heima hjá sér vegna ofbeldis og 6. desember sama ár var Kvennaathvarfið opnað. Samtök um kvennaathvarf voru í upphafi grasrótarsamtök en árið 1995 var horfið frá því fyrirkomulagi og mynduð formleg samtök. Árið 2010 var stofnuð sjálfseignarstofnun um húseign Kvennaathvarfsins en rekstur athvarfsins hélst óbreyttur.

Stjórn samtakanna er skipuð fimm aðilum og tveimur til vara. Stjórn er kjörin á aðalfundi samtakanna sem haldinn er í apríl. Þar eru einnig samþykktar grundvallar breytingar á starfsemi samtakanna. Stjórnarfundir eru haldnir mánaðarlega en oftast ef þurfa þykir. Þar hittast stjórn og framkvæmdateymi og bera saman bækur sínar en stjórnin ber ábyrgð á starfsemi í heild, tekur helstu ákvarðanir og leggur drög að starfi framkvæmdateymis.

Í framkvæmdateymi sitja framkvæmdastýra, vaktstýra og rekstrarstýra en auk þeirra starfa í athvarfinu félagsráðgjafi í hlutastarfi og fimm ráðgjafar á vöktum sem sinna ráðgjöf og stuðningi við konur og börn og halda athvarfinu opnu allan sólarhringinn, árið um kring.

Heimilisofbeldi

Notkun á hugtökunum heimilisofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum er nokkuð frjálst þar sem hvort tveggja er notað til skiptis í almennu tali og oft í víðu samhengi. Í þessari umfjöllun verður notast við orðið heimilisofbeldi. Ekki er munur á hugtökunum eins og þau eru skilgreind hér. Um er að ræða ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hálfu einhvers nákomins, skyldum eða tengdum, eins og maka, barni, foreldri, barnsföður, systkini eða forráðamanni sínum. „Maki“ getur verið núverandi eða fyrrverandi eiginmaður/eiginkona, kærasti/kærasta eða sambúðaraðili. Polandi og gerandi þurfa hvorki að búa saman né vera

gift til að ofbeldið flokkist sem heimilisofbeldi.

Heimilisofbeldi þarf heldur ekki að vera bundið við heimili geranda eða polanda.

Heimilisofbeldi getur verið af margvíslegum toga og í hverju tilfelli er oft um fleiri en eina tegund ofbeldis að ræða. Ofbeldið getur verið líkamlegt, andlegt og/eða kynferðislegt, auk ýmis konar hegðunar sem felur í sér ógn, hótun, stjórnun og/eða þvinganir. Sérstaða heimilisofbeldis felst í því að gerandi og polandi tengjast nánnum böndum sem gerir ofbeldið enn sársaukafyllra en ella, auk þess að gera polanda erfiðara um vik að slíta tengslum við ofbeldismanninn.

Heimilisofbeldi er skilgreint sem kynbundið ofbeldi en það er þegar ofbeldi er beint gegn polanda vegna kynferðis viðkomandi eða ofbeldi þar sem yfirgnæfandi meirihluti polanda er af tilteknu kyni.

Rannsóknir sýna að um 30% kvenna í heiminum hefur upplifað heimilisofbeldi af hálfu maka. Af þeim sem búa við ofbeldið hafa 42% hlotið áverka af völdum þess (WHO). Konur sem búa við heimilisofbeldi eru líklegri til að þróa með sér astma, liðagigt, migreni, meltingartruflanir, króníska verki, kvíða, þunglyndi, áfallastreituröskun og svefntruflanir heldur en þær konur sem ekki búa við slíkar aðstæður. Þær eru einnig líklegri til að upplifa vandamál tengd meðgögu og fæðingu. Konur sem búa við heimilisofbeldi þurfa mun meira á aðstoð heilbrigðiskerfisins að halda vegna þess hversu víðtæk áhrif ofbeldið hefur á heilsu þeirra. Þar að auki búa konurnar oft við skert lífsgæði, meðal annars einangrun og glötuð tækifæri á menntun eða starfi.

Hlutverk Samtaka um kvennaathvarf

Hlutverk Samtaka um kvennaathvarf er að reka athvarf fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis, fyrir konur sem hefur verið nauðgað og fyrir kvenkyns polendur mansals. Jafnframt sinnir athvarfið viðtalsþjónustu við konur sem búa eða hafa búið



Hildur Guðmundsdóttir, vaktstýra Kvennaathvarfsins, tekur á móti styrk sem keppendur í Miss Universe Iceland færðu athvarfinu í þágu dvalarkvenna og barna.

við ofbeldi, rekur símaþjónustu sem er opin allan sólarhringinn og býður upp á sjálfshjálparhópa. Hlutverkin eru misstór og margþætt, því auk ofantalinna er hlutverk Kvennaathvarfsins að auka og efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi, einkum í því skyni að auka skilning í samfélaginu á eðli ofbeldis og afleiðingum þess. Jafnframt að stuðla að því að þjóðfélagið, lög þess og stofnanir verndi og aðstoði þolendur.

Þjónusta

Oftast er einhver fyrirvari á komu kvenna og barna í Kvennaathvarfið. Lagður er metnaður í að taka vel á móti þeim og gefa þeim góðan tíma svo stuðningur athvarfsins nýtist sem best. Eftir fremsta megni er reynt að koma til móts við allar konur sem eru þolendur ofbeldis, þó er, í einstaka tilfellum, ekki hægt að taka á móti konum

í dvöl vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu eða ef andlegt eða líkamlegt ástand þeirra er þannig að stuðningurinn sem athvarfið býður upp á er ekki nægjanlegur eða ekki viðeigandi. Konum er bent á önnur úrræði séu þau talin henta betur. Heimilisfangi Kvennaathvarfsins er haldið leyndu eftir því sem kostur er enda eiga konur að finna þar öryggi og skjól.

Þjónusta sem konur fá meðan þær dvelja í athvarfinu:

- Regluleg viðtöl meðan á dvöl stendur
- Ráðgjöf og upplýsingamiðlun
- Fræðsla um ofbeldi og afleiðingar þess
- Aðstoð við uppbyggingu og sjálfsstyrkingu
- Aðstoð við að komast í samband við stofnanir sem geta aðstoðað þær við að taka næstu skref

Þjónusta fyrir konur sem ekki dvelja í athvarfinu:

- Ráðgjafar- og stuðningsviðtöl
- Sjálfshjálparhópar
- Símaráðgjöf

Jafnframt veita starfskonur Kvennaathvarfsins ýmiskonar fræðslu um heimilisofbeldi, eðli þess og afleiðingar.

Lífið í athvarfinu

Í Kvennaathvarfinu ríkir algjör trúnaður um það sem fram fer á milli dvalarkvenna og starfskvenna. Unnið er samkvæmt þeirri hugmyndafræði að konan sé sérfræðingur í sínum málum og að hún þurfi aðeins tímabundna aðstoð til að takast á við aðstæður sínar og byggja upp líf án ofbeldis. Konum eru veitt stuðningsviðtöl á meðan á dvöl stendur og einnig fá þær oft mikið út úr samskiptum við aðrar dvalarkonur með svipaða reynslu.

Starfskonur og dvalarkonur skipta með sér húsverkum. Í húsinu ríkjá fáar en mikilvægar húsreglur sem miða að því að sambúð kvenna og barna gangi sem best. Reglur gilda um háttatíma barna og reynt er að skapa öryggi og festu í starfinu svo dvölin verði árangursrík. Kvennaathvarfið er fallett og heimilislegt hús þar sem reynt er að líkja eftir venjulegu heimilislífi og allar leggja sitt af mörkum til að vel gangi.

Dvalarkonur eru hvattar til að gefa sér tíma í athvarfinu til að ná áttum, hvílast og styrkjast. Þær fá aðstoð við að komast í samband við þá aðila sem geta hjálpað þeim við næstu skref svo sem lögreglu, félagsþjónustu, lögfræðinga og aðra fagaðila. Eftir að dvöl í athvarfinu lýkur geta konur áfram komið í stuðningsviðtöl eða tekið þátt í sjálfshjálparhópum til að styrkja sig enn frekar.

Börn í athvarfinu

Mæður bera ábyrgð á börnum sínum á meðan dvöl stendur, en starfskonur og sjálfboðaliðar athvarfsins sinna börnunum líka eftir því sem aðstæður leyfa.



Í desember færðu slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn Kvennaathvarfinu 200 bíomiða sem nýtast dvalarkonum og börnum.

Á liðnu ári innleiddu starfskonur nýtt verklag með börnunum í athvarfinu. Börn sem náð hafa sex ára aldri fá viðtöl hjá ráðgjöfum þar sem þau fá upplýsingar um athvarfið, fræðslu um ofbeldi og tækifæri til að tjá sig um líðan sína. Þeim eru kynntar húsreglur barna og sýnd teiknimyndin Tölum um ofbeldi sem Kvennaathvarfið lét gera í þessu skyni.

Reynt er að auðvelda börnum komu og dvöl í Kvennaathvarfinu og við athvarfið starfar góður hópur sjálfboðaliða sem sér um afþreyingu fyrir börnin. Barnastarfið er skipulagt út frá stöðunni í húsinu hverju sinni og miðar að því að börnin fái tilbreytingu og upplifi skemmtilegar stundir. Sjálfboðaliðarnir velja afþreyingu í samræmi við aldur barna og aðstæður hverju sinni, oft er farið út, til dæmis í Húsdýragarðinn, í bíó, á róló eða í sund auk þess sem leikhúsin í borginni hafa verið iðin við að bjóða á sýningar. Ef aðstæður bjóða ekki upp á útveru er aðstaða innanhúss til að vera með börnin í ýmsum verkefnum svo sem að leika, spila eða mála. Starf sjálfboðaliðanna er mikilvægur þáttur í starfsemi Kvennaathvarfsins og til þess fallið að auka lífsgæði barnanna sem þar dvelja. Einnig miðar þjónustua sjálfboðaliðanna að því að mæðurnar í athvarfinu fái tíma fyrir sig sjálfar og að því að skapa ró í húsinu um stund.



Frá morgunverðarfundum Kvænnaathvarfsins á Hallveigarstöðum í október þar sem rætt var um stöðu barna á ofbeldisheimilum.



Frá afhendingu styrkja Jafnréttissjóðs en þar hlaut Kvænnaathvarið styrk til að fylgja teiknimyndinni Tölum um ofbeldi eftir á landsbyggðinni.

KOMUR Í KVENNAATHVARFIÐ 2008 - 2016

	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010	2009	2008
Komur samtals	624	846	706	708	739	671	864	605	549
Viðtöl	508	720	606	583	626	546	746	487	419
Dvöl	116	126	100	125	113	107	118	118	130
Dvalarkonur án barna	66	76	51	61	56	62	79	74	81
Dvalarkonur með börn	50	50	49	64	57	45	39	44	49
Fjöldi barna	79	74	84	97	87	67	54	60	77

Árið 2016 voru skráðar 116 komur kvenna í dvöl í Kvennaathvarfinu en með þeim komu 79 börn í dvöl. Einnig komu 234 konur í 508 viðtöl án þess að til dvalar kæmi. Alls leituðu því konur 624 sinnum í athvarfið, í viðtal eða dvöl. Margar konur koma oftár en einu sinni, einkum þær sem koma í viðtöl en í heildina leituðu 350 konur og 79 börn í athvarfið á árinu. Neyðarsími Kvennaathvarfsins er opinn allan sólarhringinn, allan ársins hring og þar er hægt að fá ráðgjöf og stuðning. Þangað hringja til dæmis, auk kvenna sem eru eða hafa verið beittar ofbeldi, karlar sem eru beittir ofbeldi, aðstandendur brotþola og fagfólk. Tveir sjálfshjálparhópar voru starfræktir undir leiðsögn starfskonu athvarfsins.

Aðsókn í Kvennaathvarfið segir ekki til um umfang ofbeldis í nánnum samböndum hér á

landi því ljóst er að einungis lítill hluti brotþola leitar í Kvennaathvarfið á ári hverju. Breytingar á aðsókn segja frekar til um það hvort konur þekki þjónustuna sem athvarfið býður upp á og séu tilbúnar til að nýta sér hana. Í árslok 2010 voru kynntar niðurstöður rannsóknar á ofbeldi gegn konum sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið árið 2008. Af þeim rúmlega 2.000 konum á aldrinum 18-80 ára sem tóku þátt í rannsókninni sögðust rúmlega 22% hafa verið beittar líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi í nánnum sambandi frá 16 ára aldri. Milli 1 og 2% kvenna höfðu verið beittar líkamlegu og/eða kynferðislegu ofbeldi af hálfu maka eða fyrrverandi maka á undangengnum 12 mánuðum. Það jafngildir á bilinu 1200 til 2300 konum.

YFIRLIT 1983 - 2016


Taflan sýnir yfirlit yfir starfsemi Kvennaathvarfsins frá 1. janúar 1983 og til ársloka 2016. Munurinn á fjölda dvalarkvanna frá 1988 stafar af því að síðan þá hefur konum sem ekki dvelja í athvarfinu verið boðið upp á viðtöl.

	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999
Konur	151	178	147	135	114	154	152	179	217	372	375	395	283	368	395	400	298
1. sinn %	78%		55%	58%	59%	49%	60%	55%	62%	34%	47%	50%	39%	28%	33%	28%	45%
Áverkar %	39%		42%	27%	17%	23%	26%	26%	26%	22%	22%	21%	18%	13%	15%	16%	14%
Íbúar																	
Konur	151	178	147	135	114	111	90	92	92	148	152	168	136	111	118	114	117
Börn	108	137	106	143	107	106	90	90	116	150	181	184	131	115	113	96	80
Samtals	259	315	253	278	221	217	180	182	208	298	333	352	264	226	231	212	197
Dvalardagar																	
Konur	1222	2048	1580	1865	1037	1240	968	983	1631	2334	2726	3043	1771	2219	1764	1932	1265
Börn	1335	2272	1495	2851	1735	1136	920	1234	3251	3277	2726	4370	2455	2219	1907	2254	1314
Samtals	2557	4320	3075	4716	2772	2376	1888	2217	4882	5611	6387	7413	4226	5402	3671	4186	2579

Meðaldvöl/ dagar


Konur	8	11	11	14	9	11	11	11	18	16	18	18	13	20	15	17	11
Börn	12	17	14	20	16	11	10	14	28	22	20	24	19	28	17	23	8
Konur á dag	3	6	4	5	3	3	3	3	5	6	8	8	5	6	5	5	4
Börn á dag	4	6	4	8	5	3	3	3	9	9	10	12	6	9	5	6	4
Íbúar á dag	7	12	8	13	8	6	6	6	14	15	18	20	11	15	10	11	8

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Konur	347	503	435	388	531	557	712	470	549	605	864	671	739	708	706	846	624
1. sinn %	42%	33%	44%	42%	33%	34%	45%	48%	61%	56%	54%	50%	56%	48%	42%	56%	50%
Áverkar %	18%	12%	13%	16%	34%	20%	23%	27%	24%	20%	26%	17%	18%	21%	20%	16%	22%
Íbúar																	
Konur	95	97	55	73	88	92	99	101	130	118	118	107	113	125	100	126	116
Börn	61	74	41	59	55	76	58	66	77	60	54	67	87	97	84	74	79
Samtals	156	171	96	132	143	166	157	176	207	178	172	174	200	222	184	200	195
Dvalardagur																	
Konur	950	848	435	819	1040	1313	1345	1563	2190	1346	1601	1599	2186	2128	1489	2380	3301
Börn	946	613	306	682	528	1227	1118	918	1334	563	992	1337	2071	1989	1632	1502	3232
Samtals	1896	1461	741	1501	1568	2540	2463	2481	3524	1909	2593	2936	4257	4117	3121	3882	6533
Meðaldnúi/ dagar																	
Konur	10	9	8	11	12	14	14	16	17	11	14	15	20	17	15	19	28
Börn	16	8	7	12	10	16	20	14	18	10	18	23	24	21	19	20	41
Konur á dag	3	2	1	2	3	4	4	4	6	4	5	4	6	6	4	7	9
Börn á dag	3	2	1	2	1	3	3	3	4	2	3	4	6	5	4	4	9
Íbúar á dag	6	4	2	4	4	7	7	7	10	6	8	8	12	11	8	11	18




Á árinu 2016 dvöldu 116 konur og 79 börn í Kvennaathvarfinu í allt frá einum degi og upp í 205 daga. Meðaldvöl kvenna varði í 28 daga en það er 9 dögum lengri meðaldvöl en árið á undan. Börn dvöldu í athvarfinu í að meðaltali 41 dag en það

er 21 degi lengri meðaldvöl en árið á undan. Að meðaltali dvöldu 9 konur og 9 börn í athvarfinu á degi hverjum en fjöldi dreifðist mjög misjafnlega yfir árið.




Árið 2016 komu 79 börn til dvalar með mæðrum sínum í Kvennaathvarfinu, 41 strákur og 38 stelpur. Yngstu börnin komu í athvarfið beint

af fæðingardeildinni, nokkurra daga gömul en það elsta var 17 ára.




Við komu í Kvennaathvarfið eru konur spurðar um ástæðu þess að þær leita þangað. Langflestar nefna fleiri en eina ástæðu, þær sem nefna líkamlegt ofbeldi nefna til dæmis nánast alltaf andlegt ofbeldi líka enda er andlegt ofbeldi óhjákvæmilegur fylgifiskur líkamlegs ofbeldis. Við fyrstu komu í Kvennaathvarfið eru konur spurðar að því hvað hafi ráðið því að þær komu einmitt þann dag sem þær komu. Flestar segjast

hafa komið í kjölfar einstakra ofbeldistilfella en þó ekki endilega fyrsta tilfellis eða þess grófasta, aðrar segjast hafa komið í leit að ákveðnum upplýsingum sem þær vantaði einmitt á þeim tíma, hafa komið fyrir hvatningu einhvers eða vegna umfjöllunar í fjölmiðlum. Þó segja reyndar flestar að þegar þær komu hafi mælirinn einfaldlega verið fullur eða eins og ein orðaði það „ég gat bara ekki meira“.



Í rannsókn sem Elva Dögg Ásu og Kristinsdóttir gerði á gögnum Kvennaathvarfsins frá árunum 2001-2008 kom í ljós að á þessu tímabili var rúmlega helmingur ofbeldismannanna þáverandi eiginmenn, sambýlismenn eða kærastar brotþola en þriðjungur fyrrum eiginmenn, sambýlismenn eða kærastar. Einnig kom í ljós að

ofbeldismennirnir voru þversnið þjóðarinnar hvað varðar menntun og stöðu á vinnumarkaði. Margar konur búa við ofbeldi, ótta og öryggisleysi eftir að hafa slitið sambandi við ofbeldismann og raunar tekur ofbeldið oft á sig grófari myndir eftir að kona hefur gert alvöru úr því fara frá ofbeldismanninum.



Árið 2016 komu í Kvennaathvarfið 450 konur á aldrinum 15-86 ára. Meðalaldur var 35 ár. Stúlkur sem ekki eru orðnar 18 ára koma stöku sinnum í viðtöl eða jafnvel dvöl án mæðra sinna og eru þá skráðar sem konur í komuskýrslum. Stúlkur undir 18 ára dvelja þó ekki í athvarfinu nema með samþykki forráðamanna.

Ofbeldismennirnir voru á aldrinum 17-82 ára á þeim tíma sem konurnar komu í athvarfið. Meðalaldur þeirra var 42 ár, 7 árum hærri en meðalaldur kvennanna.

ÞJÓÐERNI OFBELDISMANNA 2013 - 2016

	2016	2015	2014	2013
Ísland	69%	79%	78%	85%
Evrópa	16%	12%	13%	8%
Afríka	5%	3%	2%	4%
Ameríka	2%	1%	2%	1%
Asía	8%	5%	5%	2%

Ofbeldismennirnir koma frá 32 löndum, 69% eru Íslendingar en ofbeldismenn af erlendum uppruna eru í flestum tilfellum samlandar brotþola.


UPPRUNI KVENNA 2011 - 2015


	2016	2015	2014	2013	2012	2011
Ísland	69%	73%	68%	68%	66%	69%
Evrópa	14%	11%	14%	16%	17%	21%
Afríka	7%	4%	3%	5%	5%	4%
Ameríka	3%	4%	6%	4%	5%	2%
Asía	7%	8%	9%	7%	7%	4%

Árið 2016 komu konur frá 39 löndum í Kvennaathvarfið. Hlutfall erlendra kvenna er hærra í Kvennaathvarfinu en úti í samfélaginu og má að öllum líkindum rekja það til þess að erlendar konur eiga síður en íslenskar konur tengslanet fjölskyldu og vina og eiga því í færri hús að venda séu þær beittar ofbeldi á heimilum sínum. Hátt hlutfall kvenna af erlendum uppruna gefur því ekki endilega vísbendingu um það að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi í nánum samböndum. Samkvæmt rannsókn Hildar Guðmundsdóttur vaktstýru Kvennaathvarfsins á aðstæðum kvenna

af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið er mikill munur á upplifun og aðstæðum kvenna eftir landfræðilegum uppruna vegna reglugerðar um frjálst flæði vinnuafis innan EES. Staða þeirra sem koma frá löndum innan EES er að sumu leyti heldur auðveldari en hinna sem stundum eru háðar maka varðandi íslenskt atvinnuleyfi. Árið 2016 voru 69% kvenna sem notuðu þjónustu Kvennaathvarfsins íslenskar, 14% komu frá öðru Evrópulandi en Íslandi en um þriðjungur þeirra kom frá löndum utan EES, og 17% komu frá löndum utan Evrópu.


HLUTFALL ERLENDRA KVENNA Í DVÖL OG VIÐTÖLUM






Þegar spurt er um líðan kvenna við komu í Kvennaathvarfið kemur í ljós að mikill meirihluti þeirra hefur þjáðst af margskonar andlegum og líkamlegum kvillum vikurnar á undan. Við komu í athvarfið voru 22% með líkamlega áverka en 65% höfðu einhvern tíma hlotið líkamlega áverka

í sambandinu. Flestar voru með mar, bólgur og skrámur en aðrar t.d. brunasár eða beinbrot. Margar segja andlegar afleiðingar ofbeldisins enn sársukafyllri og meira langvarandi en þær líkamlegu.





Það kemur fram í komuskýrslum að 21% kvennanna höfðu kært ofbeldið til lögreglu. Nokkrar til viðbótar kærðu ofbeldið á meðan þær dvöldu í Kvennaathvarfinu eða í framhaldi af komu þangað en upp úr stendur að minnihluti brotáþola kærir ofbeldið. Það kemur heim og saman við niðurstöður rannsóknar sem velferðarráðuneytið lét gera á líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi gegn konum en þar sögðust 13% kvenna sem beittar höfðu verið ofbeldi hafa kært síðasta ofbeldistilfelli til lögreglu. Í rannsókninni voru konur jafnframt spurðar um ástæður þess að þær höfðu ekki kært og nefndu flestar að þeim hafi ekki þótt ofbeldið nógu alvarlegt. Konurnar sem koma í Kvennaathvarfið nefna gjarnan sömu ástæðu; telja ofbeldið ekki hafa verið nógu alvarlegt eða

að þær hafi átt einhvern þátt í því. Aðrar segja það erfiða ákvörðun að leggja fram kæru á hendur einhverjum svo nákomnum auk þess sem þær eru oft dauðhræddar við ofbeldismennina og óttast að ofbeldið muni aukast í kjölfar þess að þær leggi fram kæru. Afdrif heimilisofbeldismála í dómskerfinu hvetja konur heldur ekki til að sækja rétt sinn. Starfskonur Kvennaathvarfsins þrýsta ekki á konur að kæra en veita ráðgjöf varðandi kæruférlíð og hjálpa konum til að sjá alvarleika ofbeldisins. Einnig fá konur aðstoð við að komast í samband við lögregluna óski þær þess og margar hitta lögreglukonu sem er tengiliður Kvennaathvarfsins við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.


BÚSETA KVENNA

	2016	2015	2014	2013	2012	2011	2010
Reykjavík	53%	48%	51%	55%	53%	55%	52%
Höfuðborgarsvæðið	20%	31%	26%	26%	26%	20%	24%
Suðurnes	7%	5%	7%	7%	6%	6%	7%
Vesturland	3%	1%	4%	1%	3%	4%	3%
Norðurland	3%	3%	2%	1%	2%	5%	3%
Austurland	2%	0%	0%	2%	0%	0%	1%
Suðurland	4%	5%	5%	4%	2%	3%	4%
Útlönd	4%	3%	3%	2%	3%	3%	3%
Ekki vitað	4%	4%	2%	2%	5%	4%	3%

Kvennaathvarfið er eina athvarfið sinnar tegundar á Íslandi og þjónar því landinu öllu. Konur utan af landi fá gjarnan aðstoð frá félagsþjónustunni í sínu sveitarfélagi til að komast í Kvennaathvarfið en þó er ljóst að erfiðara er fyrir konur fjarri

höfuðborgarsvæðinu að nýta sér þjónustu athvarfsins. Konur sem ekki hafa tök á því að koma í viðtöl eru boðin símaviðtöl og einnig leita konur í vaxandi mæli eftir ráðgjöf í gegn um tölvupóst.

HVERT FARA KONUR EFTIR DVÖL Í KVENNAATHVARFI?



Starfskonur Kvænnaathvarfsins setja sig alla jafna ekki í samband við konur eftir að dvöl lýkur en konurnar eru hvattar til að hafa samband sjálfar hafi þær þörf fyrir það. Af þessum sökum er

tilviljanakennt hversu mikið vitað er um stöðu kvænna sem lokið hafa dvöl í athvarfinu. Tilkynnt er til barnaverndar fari konur með börn aftur heim á ofbeldisheimili.

Árið 2016 var mikil opinber umræða um ofbeldi í nánum samböndum og er það starfskonum Kvennaathvarfsins bæði ljúft og skylt að taka þátt í þeirri umræðu og leggja sitt af mörkum til stefnumótunar. Eitt af markmiðum Samtaka um kvennaathvarf er að efla fræðslu og umræðu um ofbeldi í nánum samböndum og stuðla að auknum skilningi á eðli og afleiðingum þess. Starfskonur athvarfsins verða því fúslega við beiðnum um fræðslu um kynbundið ofbeldi og starfsemi athvarfsins. Á síðasta ári var rætt við nemendur fjölmargra framhaldsskóla og háskóla, þátttakendur í virkniúrræðum og ýmsar fagstéttir. Einnig tókum við þátt í fjölmörgum málþingum og fundum þar sem umræða um heimilisofbeldi var á dagskránni. Jafnframt sóttu athvarfið heim hópar fagfólks af ýmsum sviðum, fulltrúar erlendra sendiráða og félagasamtaka víða að úr heiminum.



Á haustmánuðum hélt Kvennaathvarfið morgunverðarfund þar sem sérstaklega var boðið fulltrúum þeirra framboða sem buðu fram til Alþingis. Umfjöllunarefni fundarins var staða barna á ofbeldisheimilum og var þar frumsýnd teiknimynd athvarfsins Tölum um ofbeldi. Myndin hefur verið sýnd á fjölmörgum stöðum síðan og hefur styrkur frá Jafnréttissjóði gert starfskonum kleift að fara með hana út á land til kynningar .

Í árslok varð Kvennaathvarfið, samkvæmt samningi við velferðarráðuneytið, neyðarathvarf fyrir kvenkyns þolendur mansals og átti á árinu fulltrúa í tveimur samstarfsteimum á vegum velferðarráðuneytisins sem fjalla um mansalsmál. Kvennaathvarfið á að auki fulltrúa í fjölmörgum nefndum og ráðum á vegum hins opinbera svo sem í stýrihópi verkefnisins Saman gegn ofbeldi, í jafnréttisráði, ofbeldisvarnarnefnd Reykjavíkur, teymi um málefni fólks af erlendum uppruna, velferðarvaktinni og samstarfsteymi velferðarráðuneytisins gegn heimilisofbeldi. Einnig tók framkvæmdastýra, á árinu, sæti í undirbúningshópi fyrir stofnun miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis sem opnaði í mars 2017 undir nafninu Bjarkarhlíð. Að Bjarkarhlíð standa, auk Kvennaathvarfsins, Reykjavíkurborg, velferðarráðuneyti, innanríkisráðuneyti, Stígamót, Dreklaslóð og Mannréttindaskrifstofa Íslands.

Í haust fóru tvær starfskonur á ráðstefnu WAVE í Berlin og aðrar tvær til Helsinki á ráðstefnu um gerendur í heimilisofbeldi. Að auki tók framkvæmdastýra þátt í tveimur ráðstefnum í Finnlandi. Að auki kappkosta starfskonur að sækja sér fræðslu hér heima. Kvennaathvarfið tók, ásamt fjölda annarra félagasamtaka, þátt í 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi, í Kvennafrídeginum og í baráttufundi á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8.mars.

Frá aðalfundi 2016 en þar var þeim Sigríði Björk Guðjónsdóttur og Öldu Hrönn Jóhannsdóttur afhent viðurkenning fyrir frumkvæði og úthald í baráttunni gegn heimilisofbeldi. Með þeim á myndinni er Sigprúður Guðmundsóttir, framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf.



Frá afhendingu Jafnréttisviðurkenningar Jafnréttisráðs sem þær Unnur Svava Jóhannsdóttir og Ísól Björk Karlsdóttir tóku við fyrir hönd Samtaka um kvennaathvarf.

Kvennaathvarfinu barst að venju liðsauki úr ýmsum áttum á árinu. Hópur stúlkna úr keppninni um Ungfrú Ísland valdi Kvennaathvarfið sem góðgerðarverkefni sitt, hópur fólks hljóp til styrktar starfinu í Reykjavíkumaraþoni og athvarfið fékk styrki víða að auk þess sem hópur fólks gerðist vinir Kvennaathvarfsins og samþykktu þar með að styrkja athvarfið mánaðarlega. Þessir styrkir gerðu það að verkum að hægt var að ráðast í ýmis verkefni sem ekki hefur verið hægt að sinna áður. Innanhúss huguðum við einkum að áframhaldandi þróun barnastarfs í athvarfinu. Starfskonur unnu, í samráði við tvo barnasálfræðinga, nýtt verklag þegar kemur að börnunum sem dvelja í húsinu og hefur það verklag nú verið fest í sessi.

Húsnæðismál dvalarkvenna voru áberandi á árinu enda sjaldan verið eins erfitt fyrir konur sem fara úr athvarfinu að koma undir sig fótunum í nýju húsnæði. Kvennaathvarfið fékk styrk úr AlheimsAuði til að undirbúa úrræði sem gætu gagnast konum sem eru að koma úr dvöl í athvarfinu og í samráði við stjórnvöld var unnið að ýmsum umbótahugmyndum í þessum málum.

Í maí var Kvennaathvarfinu veitt Jafnréttisviðurkenning Jafnréttisráðs en Kvennaathvarfið veitti líka viðurkenningar á árinu. Sigríði Björk Guðjónsdóttur og Öldu Hrönn Jóhannsdóttur hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu var veitt viðurkenning fyrir frumkvæði og úthald í baráttunni gegn heimilisofbeldi og Elísabetu Jökulsdóttur var veitt viðurkenning fyrir bók sína Enginn dans við Ufsaklett sem tilnefnd var til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Starfskonur Kvennaathvarfsins leggja áherslu á að vera í góðu sambandi við fjölmiðla, stjórnvöld og önnur félagasamtök sem koma að baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Í árslok fögnuðum við því að hafa víða fengið að koma sjónarmiðum okkar á framfæri. Það var ánægjulegt að verða vitni að aukinni áherslu stjórnvalda á aðgerðir gegn heimilisofbeldi og ekki síður að ýmsum sjálfsprottnum byltingum úti í samfélaginu þar sem konur, ekki síst ungar konur, tóku málin í sínar hendur.

Lykiltölur úr ársreikningi 2016

	2016	2015
Rekstrartekjur alls	105.095.051	90.109.129
Rekstrargjöld alls	99.423.379	83.977.126
Tekjuafgangur án vaxta	5.671.672	6.132.003
Hreinar fjármunatekjur	958.088	807.293
Tekjuafgangur ársins	6.629.760	6.939.296
Hrein eign í árslok:		
Kvennaathvarfið	35.616.612	28.986.852
Sjálfseignarstofnunin	142.387.676	142.387.676
	178.004.288	171.374.528

Gjafir og styrkir

Rekstrartekjur alls hækka um 15 milljónir milli ára 2015 og 2016. Þar munar mest um styrki og gjafir til athvarfsins sem hækka um 11,3 milljónir og þar af nam hækkun um 10 milljónum vegna sérstakrar söfnunar til athvarfsins undir heitinu „vinir athvarfsins“.

Rekstrargjöld hækkuðu um 15,4 milljónir milli ára 2015 og 2016. Ástæðan er fyrst og fremst hækkun launa alls 14,4 milljónir sem skýrist annars vegar af fleiri starfsmönnum á árinu 2016 en árinu á undan en ennfremur af því að áunnið orlof fastra starfsmanna er nú fært í bækur og nam sú fjárhæð alls 2,2 milljónum. Önnur rekstrargjöld hækkuðu um 1 milljón milli ára.

Hreinar fjármunatekjur námu um 1 milljón á árinu 2016 sem er um 0,2 milljónum meira en árið á undan.

Eins og fram kemur í töluýfirlitinu hér að framan var tekjuafgangur nánast óbreyttur milli ára en hann nam 6,6 milljónum á árinu 2016 en 6,9 milljónum árið á undan.

Fjárhagsstaða athvarfsins er sterk og nam laust fé samtals 38,1 milljón í árslok 2016 en skuldir til skamms tíma námu alls 2,5 milljón. Mismunurinn, 35,6 milljónir, er hrein eign athvarfsins í árslok 2016 og hafði hækkað um tæplega 7 milljónir á árinu. Samtals er hrein eign Kvennaathvarfsins að meðtalinni hreinni eign sjálfseignarstofnunar þess um 178 milljónir í árslok 2016.

Ársreikningur

Athvarfinu bárust, eins og mörg undanfarin ár, margar góðar gjafir. Þær komu frá félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum. Söfnunarátakið „Vinir athvarfsins“ skilaði miklu fé sem bæði fyrirtæki og einstaklingar hafa lagt fram, annað hvort í mánaðarlegum greiðslum eða eingreiðslum. Er þessum aðilum öllum færðar sérstakar þakkir. Helsta sundurgreining gjafa og styrkja fylgir í töflum hér á eftir:

	2016	
Vinir athvarfsins	11.329.222	
Fjörgyn	300.000	
Kristnisjóður	300.000	
Alheimsauður	1.000.000	
Píkusögur - sýning	203.383	
Kaupá	500.000	
Zontaklúbbur	250.000	
Reykjavíkumaraþon	199.806	
Sigfúsarsjóður	500.000	
Rebekkustúka	350.000	
Oddur Pétursson	100.000	
VM ehf.	100.000	
María Ólafsdóttir	105.000	
Ólöf R. Skúladóttir	130.000	
Honyaku hús	200.000	
SFR stéttarfélag	200.000	
Kvenfélag Selfoss	100.000	
Aðrir aðilar	943.260	
	16.810.671	

Sundurgreining styrkja:	2016	2015
Ríkissjóður	72.365.000	67.600.002
Reykjavíkurborg	12.500.000	12.750.000
Garðabær	400.000	400.000
Vogur	30.000	
Blönduós	50.000	
Hafnarfjörður	500.000	500.000
Ölfus	100.000	
Skeiðahreppur	50.000	
Skagafjörður	75.000	
Kópavogur	861.000	832.000
Ísafjörður	50.000	
Mosfellsbær	150.000	100.000
Borgarbyggð	75.000	
Hvalfjörður	30.000	
Seyðisfjörður	25.000	
Hornafjörður	180.000	130.000
Vestmannaeyjar	60.000	
Akranes	200.000	200.000
Árborg	50.000	50.000
Aðrir aðilar	0	1.110.000
	87.751.000	83.672.002